



Áramótablað

2006



Björgunarsveitarmaður: Hvað liggur að baki? • Samstarfssamningur við KB banka
Viljayfirlýsing Björgunarfélagsins og Hvalfjarðarsveitar • Nýr bíll • Útköll ársins

*Félagar Björgunarfélags Akraness senda samborgurum sínum
bestu jóla og áramótakveðjur
Þökkum kærlega veittan stuðning*

Áramótaávarp

Ásgeir Örn Kristinsson formaður Björgunarfélags Akraness

Kæri lesandi. Það fylgir því viss léttir að líta yfir farinn veg um áramót í starfi Björgunarfélags Akraness og geta glaðst heilshugar. Árið hefur reynst okkur gjöfult og giftusamt. Í útköllum hefur þetta ár verið eitt það annasamasta, rétt um tuttugu útköll. Vinna félagsmanna við æfingar og fjáraflanir hefur aldrei verið meiri. Mannskapurinn hefur þó alltaf skilað sér heill heim reynslunni ríkari.

Á vormánuðum endurnýjuðum við samstarfssamning okkar við Akranesbæ. Bæjarstjórnin kom rausnarlega til móts við öflugt starf okkar og hækkaði styrk sinn, sýndi með því skilning á nauðsyn starfs Björgunarfélags Akraness fyrir bæjarfélagið.

Það lá fyrir í upphafi árs 2006 að við ætluðum að stækka við okkur húsnæðið. Fyrsta skóflustungan var tekin í mars, húsið var svo vígt 8. desember s.l. Þetta er frábær viðbót við aðstöðuna okkar, það rýmkar um félagsaðstöðuna hjá okkur. Auk þess gefst okkur betra tækifæri til að fara vel með tækin okkar. Við vígsluna gengu Hvalfjarðarsveit og KB banki til liðs við okkur og hétu okkur liðsinnis í formi styrkja. Kunnum við þeim bestu þakki fyrir.

Af sjálfboðaliðum

Launakostnaður knattspyrnufélaga í meistaradeild var tekinn fyrir sem sérstakt umfjöllunarefni á síðum Fréttablaðsins í haust. Það virðist æ erfiðara að halda fólki að iðkun íþrótta án launa. Við erum iðulega spurð að því hvað við fáum borgað fyrir að fara í útköll eða að starfa í björgunarsveit. Björgunarsveitin greiðir hvergi laun. Flestir félagar eiga þó því láni að fagna að vinnuveitendur þeirra draga ekki af þeim laun í útköllum. Er okkur mikill styrkur í því. Þrátt fyrir þetta „launaleysi“ hefur aldrei verið meiri aðsókn til okkar af nýju fólki en nú í



haust. Við erum stolt af þessum gildum okkar og mjög ánægð yfir því að þeim fari sist fækkandi sem sjá ánægjuna í þessu starfi.

Samstarf viðbragðsaðila á Akranesi tók á sig nýja mynd s.l. vetur með 1 1 2 deginum. Mig grunar að margur Akurnesingurinn hafi orðið undrandi þegar hann virti fyrir sér tækjaflokkinn í hópakstri um Akranes. Óþreytandi starf félaga á borð við Rauðakrossinn og Björgunarfélagsins hefur skilað samfélaginu hér neyðarviðbragði eins og það gerist best.

Sjaldan hafa Akurnesingar fengið að kynnast náttúruöflunum eins hraustlega og í haust. Þrisvar á einum mánuði voru félagar Björgunarfélagsins kallaðir út vegna óveðurs. Í þessum þremur skiptum fengum við rétt um 150 aðstoðarbeiðnir. Það er því gott að geta brugðist við með öflugum og vel búnum mannskap.

Ný fjáröflun leit dagsins ljós hjá okkur í haust. „Neyðarkall“. Við vorum hóflega bjartsýn, áætluðum varlega það magn sem hægt væri að selja. Þetta reyndist vera einhver sú skemmtilegasta fjáröflun sem við höfum tekið þátt í. Nánast var um afgreiðslu að ræða, fólk kepptist við að kaupa af okkur og kvaddi síðan með árnaðaróskum. Allt seldist upp löngu áður en eftirspurn hafði verið svarad.

Í tengslum við útköll og/eða vinnu sem við höfum innt af hendi á árinu höfum við átt mikil samskipti við íbúa þeirra tveggja sveitarfélaga sem við störfum mest í, Akranesbæ og Hvalfjarðarsveit. Þessi samskipti hafa skilað sér í aukinni umfjöllun um okkur og störf okkar. Ég vil hér með þakka öllum þeim sem stutt hafa við bakið á okkur með einum eða öðrum hætti. Í formi heillaóska, styrkja eða viðskipta við okkur. Ykkar stuðningur hvetur okkur áfram.

Sem þakklætisvott er okkur sönn ánægja að bjóða þér, íbúi góður á flugeldasýningu, fimmtudaginn 28. des sem er í boði KB banka og í tilefni opnunar flugeldamarkaðar okkar. Flugeldasala er okkar akkeri, okkar veigamesta fjáröflun. Þar hafa íbúar þessa samfélags sýnt vilja sinn í verki. Um áramót styðjum við björgunarsveitina okkar.

Að síðustu er þér lesandi góður og öðrum íbúum, boðið á áramótabrennu. Við höfum orðið vör við að margir hafa haft áhuga á því að geta farið á brennu á gamlárskvöld. Við höfum ákveðið að gera prufu á þessu. Í samstarfi við Stafna á Milli verðum við með risa brennu í landi Kross. Þar er fyrirtækið Stafna á Milli að skipuleggja nýja íbúðarbyggð. Fundum við þar ákjósanlegan stað. Við vonum að þessi nýbreytni mælist vel fyrir þannig að framhald verði á að ári.

Áramótablað

1. tbl. - 4. árg. - Desember 2006

Útgefandi: Björgunarfélag Akraness

Ábyrgðarmaður: Ásgeir Örn Kristinsson

Ritstjórn: Ingvar Örn Ingólfsson og Ásgeir Örn Kristinsson

Prófarkalestur: Anna Leif Elidóttir

Myndir: Magnús Karl Gylfason, Eypór Guðmundsson, Helgi Steindal og Birna Björnsdóttir

Forsiðumynd: Gunnar Agnar Vilhjálmsson og Sigurður Axel Axelsson félagar í BA

Umbrot og prentun: Prentmet Vesturlands

Flugelda- markaður

Björgunarfélags Akraness
Kalmannsvöllum 2 (á mót KASKÓ)

Opnunartími

Fimmtudaginn 28. des. kl. 10-22

Föstudaginn 29. des. kl. 10-22

Laugardaginn 30. des. kl. 10-22

Gamlaársdag 31. des. kl. 10-16

Þrettándann 6. jan. kl. 12-18



Flugeldasýning

við tjaldsvæðið í Kalmannsvík

fimmtud. 28. des.

kl. 20:00



FLUGELDAMARKAÐIR
BJÖRGUNARSVEITANNA
FLUGELDAR.IS



KB BANKI
AKRANESI



Gísli S. Einarsson, bæjarstjóri Akraness:

Fyrirvaralaust á hættuslóðir

Á gætu lesendur Áramótablaðsins. Þegar ég fór að hugsa um þau orð sem ég hafði lofað að setja niður vegna útgáfu áramótablaðs Björgunarfélags Akraness, komst ég að því hversu veigamiklu hlutverki félagið hefur að gegna.

Bæði er um að ræða aðstoð við landsmenn, björgun, eftirlit, leiðbeiningar, þjálfun og svo víðtækt starf á sviði björgunarmála sem hugsast getur.

Þegar eitthvað er um að vera hvort sem um er að ræða hátíðahöld á tyllidögum, stórmót íþróttafélaganna, skemmtanahald eða aðra viðburði, alltaf er kallað til Björgunarfélagsins um aðstoð og eftirlit. Lögregla og björgunarfélag eiga þannig samhljóm gagnvart landsmönnum.

Félagið þarf að eiga réttindafólk í sínum röðum á öllum sviðum; skipstjóra, bifreiðastjóra, kafara og kunnáttumenn í fjallaklifri, kunnáttumenn í skyndihjálpi, rústaleit og þekkingu á hvers kyns björgunarbúnaði.

Ef titið er til alls þessa sem hér er áður talið má sjá að um er að ræða ótrúlegt svið sem er á hendi Björgunarfélags Akraness og sama á við um björgunarsveitirnar víðs vegar á landinu.

Ég er ekki viss um að við sem utan við starfið stöndum gerum okkur grein fyrir því að við njótum sjálfboðaliða sem hverfa fyrirvaralaust á hættuslóðir til leitar og björgunar. Björgunarfélagsfólk fer á hvaða tíma sem er án fyrirvara, án launa oft á tíðum, en sem betur fer eru margir vinnuveitendur sem sýna mikinn skilning bæði vegna æfinga og starfa félaganna.

Stórhugur

Björgunarfélag Akraness hefur ráðist í byggingu viðbótarhúsnæðis, hið myndarlegasta húsnæði fyrir tækjakost og viðgerðaaðstöðu. Það liðu ekki margir mánuðir frá því ákvörðun var tekin um byggingu þar til húsið var vígt föstudaginn 8. des s.l. Það sýnir stórhug og stæltu féлага þegar dugnaður, kjarkur og áræði fara saman og ber vott um samstöðu félaganna.

Ég óska Björgunarfélagi Akraness til hamingju með húsið og okkur Akurnesingum og öðrum landsmönnum einnig með þessa öflugu sveit kjarkmikils hóps.



Þá árar best . . .


Það var ánægjulegt að vera vitni að gerð viljayfirlýsingar milli Björgunarfélagsins og Hvalfjarðarsveitar við vígslu hússins og ég fagna af heilum hug þeirri gjörð þegar Einar Örn sveitarstjóri og Ásgeir Kristinsson undirrituðu hana. Aðkoma KB banka er einnig ánægjuleg þar sem einnig var undirritaður samningur milli bankans og Björgunarfélagsins.

Eins og undirritaður sagði við vígsluna mun bæjarstjórn Akraness standa að málum Björgunarfélagsins á sama máta og verið hefur og væntir góðs af samstarfi á komandi árum.

Megi farsæld og friður fylgja okkur öllum á komandi ári og munum það að þá árar best þegar minnst er að gera hjá Björgunarfélagi Akraness annað en æfingar.



Starfsfólk KB banka óskar þér og þínum
gleðilegrar hátíðar.
Við þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.



Kraftmikli



Heiti Aldur
Lýsing Auður djúpuðga Þessi 25 skota kaka er tvískipt. Hún byrjar á grænum kúlum sem springa út í hala með fallegum rauðum endum. Glitrandi silfurregn með hvellum fylgir á eftir. Mjög fallegur kappi.
Þyngd 3,5 kg
Tími c.a. 40 sek.



Heiti Egill Skallagrimsson
Lýsing Kúlur skjótast upp með gylltum hala og springa út í silfruðum blómum, mikill hraði og dreifir vel úr sér. Skotheld skotkaka.
Þyngd 8 kg
Tími c.a. 15 sek.



Heiti Ari Fróði
Lýsing Skýtur upp silfruðum kúlum með hala sem springa í þremur hvellum með gulum, grænum, bláum og silfruðum blómum. Hæfilegur hávaði og hentar vel fyrir þá sem ekki vilja of mikil læti.
Þyngd 1,7 kg
Tími c.a. 47 sek.



Heiti Guðrún Ósvífursdóttir
Lýsing Það skjótast upp rauðar og grænar kúlur sem springa í falleg blóm, þó nokkur hávaði. Falleg kaka fyrir þá sem vilja ekki of mikil læti og gauragang.
Þyngd 3 kg
Tími c.a. 15 sek.



Heiti Grettir Ásmundarson
Lýsing Þessi kaka er hreinasta snilld. Hróð, mikið af ljósum og eldglæringum þar sem himininn er þakinn blómum, gríðarlega falleg.
Þyngd 8 kg
Tími c.a. 20 sek.





Heiti Gunnar á Hlíðarenda
Lýsing Silfurkúlur sem skjótast upp með silfruðum hala og springa með miklum hvellum, braki og glitrandi stjörnum, mögnuð kaka.
Þyngd 5,75 kg
Tími c.a. 40 sek.



FLUGELDAMARKAÐIR
BJÖRGUNARSVEITANNA
FLUGELDAR.IS

ir kappar

Heiti Hallgerður langbrók
Lýsing Breiðir silfurhalar skjótast upp og springa í silfurpálma. Það verður enginn svikinn af þessari.
Þyngd 5,75 kg
Tími c.a. 55 sek.




Heiti Guðrúnur Þorbjarnardóttir
Lýsing Þessi kemur skemmtilega á óvart. Kúlur með gylltum hala springa fyrst með grænum og rauðum blómum en svo með miklum brestum og neistaregni. Síðustu skotin eru kraftmiklar silfurkúlur með hala sem springa með miklum brestum og gný.
Þyngd 3,8 kg
Tími c.a. 30 sek.






Heiti Leifur heppni
Lýsing Skýtur upp kúlum með gylltum hala sem springa svo út í græn og rauð blóm. Mátulegir hvellir og smellir. Endar mjög kröftuglega. 36 skot. Leifur klikkar ekki.
Þyngd 3,5 kg
Tími c.a. 45 sek.




Heiti Njáll á Bergþórshvoli
Lýsing Kaka í sérflokki. Hún skiptist í fjóra hluta, með ýlum á milli. Kúlur, þylur, halar og blóm. Þessi hefur það allt og endar með dúndrandi hvelli. Þú verður ekki svikinn af þessum kappi.
Þyngd 9,5 kg
Tími c.a. 50 sek.




Heiti Gunnlaugur Ormstunga
Lýsing Mägnuð! Skýtur upp 7 skotum í einu sem raðast upp í röð og springa með margskonar tilbrigðum. Uppröðun hölkanna gerir þennan kappi sérstakan og hver röð sem skýst upp hefur sína eiginleika.
Þyngd 6 kg
Tími c.a. 40 sek.

Heiti Snorri Sturluson
Lýsing Silfraðar þylur með ýlum og hala sem þeytast hátt upp. Hraðinn eykst þegar á liður. Stórskemmtileg og mjög falleg terta sem kemur verulega á óvart.
Þyngd 2,3 kg
Tími c.a. 45 sek.



Athugið
 Tímalengd kappanna er ekki nákvæm og getur breyst.

Flugeldasala er mikilvægasta fjárfun bjargunarsveita Slysavarnafélagsins Landsbjörgar



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

Það getur enginn hjálpað öllum en það geta allir hjálpað einhverjum

Þessi góða setning er rituð á blað sem fest er á úti-
dyrnar í leikskólanum hjá yngsta syni mínum. Hún
segir svo margt og vekur mann til umhugsunar um
að við getum öll gert eitthvað gott fyrir hvert annað og
það skiptir allt máli. Starf þeirra sem vinna í sjálfboda-
starfi byggist á því að geta hjálpað öðrum, látið gott af sér
leiða, finna í því vellíðan og lífsfyllingu. Síðast en ekki
síst að njóta þess að vera í góðum félagskap.

Öryggi okkar í leik og starfi er eitthvað sem skiptir
okkur öll máli. Öll þessi hræðilegu slys sem orðið hafa í
umferðinni undanfarin missiri ættu að vera okkur áminning
um að gæta fyllsta öryggis í umferðinni, sýna tilits-
semi og haga akstri eftir aðstæðum. Hrað- og ofsaakstur
er skelfilegur. Þeir ökurmenn sem sýna þannig vítavert gá-
leysi eru ekki aðeins að stofna sér í hættu heldur enn
fremur þeim sem fyrir þeim verða.

Hvað er hægt að gera? Hér þarf að verða hugarfars-
breyting hjá öikumönnum. Íslenskir þjóðvegir bera ekki
slíkt aksturslag eins og margssinnis hefur verið rætt og rit-
að. Vonandi verður ökugerði það sem á að reisa hér á
Akranesi til að bæta umferðarmeninguna. En þar eiga
ökurmenn að læra að takast á við hinar ýmsu aðstæður
sem upp kunna að koma í umferðinni.

Í Slysavarnadeildinni starfa konur á öllum aldri. Við
vinnum meðal annars að málefnum tengdum slysavörn-
um. Til dæmis vinnum við að könnun á notkun á öryggis-
búnaði barna í bílum á hverju ári. Niðurstöður úr þess-
um könnunum hafa verið góðar hér á Akranesi en það
eru þessir fáu einstaklingar sem nota ekki öryggisbúnað
fyrir börnin sem við viljum ná til. Það er sama hversu



stutt leiðin er sem þú ekur með barn í bílum það á alltaf
að nota viðeigandi öryggisbúnað.

Slysavarnadeildin á Akranesi gaf núna í haust öllum
börnum í grunnskólunum á Akranesi endurskinsmerki.
Við styrktum unglingadeild Björgunarfélags Akraness
með peningagjöf nú á adventunni, en þar er nýstofnuð
deild sem er að vinna gott starf. Við óskum Björgunarfé-
laginu til hamingju með þetta góða framtak þeirra og allt
þeirra öflugra starf.

Nokkrar eldri konur í deildinni sjá um að halda félags-
vist í Jónsbúð á fimmtudagskvöldum yfir allan veturinn
og hafa gert það um langt árabíl. Þessar heiðurskonur sjá
þarna um góða fjáröflun fyrir félagið en einnig og ekki
síður mikið og gott félagsstarf.

Núna fyrir jólin höfum við slysavarnakonur verið að
vinna við að búa til leiðisgreinar og krossa til að selja sam-
hliða jólatréssölunni hjá Björgunarfélaginu. Þetta er
skemmtileg vinna sem þjappar hópnum okkar saman.
Ágóðanum verður svo ráðstafað í góð verkefni.

Við viljum þakka öllum þeim sem stutt hafa við bakið
á okkur í gegnum tíðina.

Ágæti lesandi ég þakka þér fyrir að gefa þér tíma til að
lesa þessa grein og vona að þessi skrif mín hafi vakið þig
til umhugsunar um öryggi þitt og slysavarnir.

Megir þú eiga góð og slysalaus jól og áramót.

**Anna Kristjánsdóttir, formaður
Slysavarnadeildar kvenna Akranesi**

PS. Munum öll eftir öryggisglæraugunum á gamlárskvöld.

Eftirtaldir aðilar styrkja útgáfu þessa blaðs

Blikkverk

Hrói Höttur

Lyf og heilsa Akranesi

Skaginn hf.

Porgeir og Ellert hf.

Hárhús Kötlu

Contact hársnyrtistofa

Efnalaugin Lísá

BÓB sf. vinnuvélar



GLEÐILEGT HLÝTT ÁR!

Gerð: Cintamani nærföt

Efni: Undurmjúk Merino ull

Verð: Kemur á óvart

Gæði: 100%



Cintamani Outdoor Store | Laugavegur 11 | cintamani.is

NJÓTTU HLÝJU

Unglingadeild stofnuð innan Björgunarfélags Akraness:

Af hverju þurfum við unglingadeild?

Langi hefur legið í loftinu áhugi á því að stofna unglingadeild innan félagsins okkar, en af hverju? Öll vitum við að það er nauðsynlegt fyrir ungt fólk að finna sig í lífinu og eru tómstundir stór þáttur í því. Ekki hafa allir áhuga á því sama. Því viljum við geta boðið unglingum, sem finna sig jafnvel ekki í íþróttastarfi, upp á að kynnst nýrri hlið á samfélaginu. Þannig taka þátt í að móta og efla einstaklinga á skemmtilegan og heilbrigðan hátt.

Margar íslenskar björgunarsveitir starfrækja unglingadeild og hefur það margsannað sig að þessi starfsemi er ekki bara að skila betri einstaklingum út í lífið, heldur líka inn í björgunarsveitir landsins. Það er einnig mjög mikilvægt í krefjandi starfi sem þessu að áhuginn sé með frá upphafi og þjálfunin byrji snemma á ferlinum. Ekkert er betra en að koma í hús eftir strembið útkall, vitandi það að góður grunnur og þekking hefur skilað sér í góðu dagsverki í almannabágu.

Að stofna unglingadeild frá grunni kostar mikla vinnu og tíma. Því var leitað til stjórnar Skátafélags Akraness með það í huga að tveir elstu flokkar þeirra gætu stofnað slíka deild til reynslu og myndað einn flokk hennar.

Í haust var stofnuð Unglingadeildin Arnes með skáta fædda 1991 og 1992 og hefur starfsemin gengið vonum framár.

Þessi hópur er ekki ókunnugur björgunarsveitinni þar sem þau hafa í nokkur ár verið í umsjá tveggja björgunarsveitarmanna í sínu skátastarfi. Þau Jón Valur Ólafsson og Belinda Eir Engilbertsdóttir félagar Björgunarfélagsins hafa séð um elsta flokk Skátafélags Akraness. Í honum eru unglingar fæddir árið 1991.

Í tvö ár hafa þau kynnt fyrir krökkunum grundvallaratriði útivistar, meðal annars rötun, ýmsan ferðaútbúnað og fyrstu hjálp ásamt því að fara í fjölda gönguferða í óspilltri náttúru. Þar fengu þau grunnþjálfun í bergsigi og klifri, auk þess að læra á þær hættur sem leynast í umhverfi okkar.

Helga María Heiðarsdóttir, félagi í Björgunarfélaginu tók að sér umsjón unglinganna núna í haust. Hefur verið nóg fyrir stafni hjá þeim síðan. Haldið var námskeiðið

Ferðamennska þar sem farið var ítarlega í



hinar ýmsu hliðar á ferðamennsku. Aukið sjálfstæði hefur verið ofarlega á lista þennan veturinn og hafa unglingarnir fengið að ráða sér mikið sjálfir við hin ýmsu verk og hafa staðið sig með mikilli þrýði. Þau hafa einnig fengið að kynnst sjálfboðastarfinu sem er stærsti parturinn af starfi björgunarsveita. Það er gott að kunna að gera hluti án þess að fá borgað fyrir í peningum. Næsta vetur biður hópsins spennandi og fjölbreytt dagskrá, sniðin að því að gera þau ennþá hæfari til að takast á við lífið.

Það gleymist oft í umræðunni að rekstur björgunarsveita er ekki gefins. Notkun á tækjum hvort sem er við æfingar eða í útkalli kostar mikla peninga og ljóst er að rekstur nýstofnaðrar unglingadeildar er stór viðauki við núverandi útgjöld félagsins. Með stuðningi þínum hjálpar þú okkur að gera þennan draum að veruleika og um leið stuðlar þú að heilbrigðu og góðu tómstundarstarfi fyrir unga fólk okkar hér á Akranesi. Það er mikilvægt að gefa unglingnum val og möguleika. Í Björgunarfélagi Akraness eru allir jafnir og það hafa allir möguleika!

Jón Valur Ólafsson og Helga María Heiðarsdóttir félagar í BA



Flugeldamarkaður Björgunarsveitanna

Kalmannsvellir 2, (á móti Kaskó)

Aldrei meira vöruúrval!

Ábyrgir foreldrar!

Á sölustað okkar verður börnum undir 16 ára
EKKI seldir flugeldar nema í fylgd með fullorðnum



Egill Skalla-
grímsson
5.390



Ari Fróði
2.650



Grettir
Ásmundarson
5.390



Njáll á Berg-
þórshvoli
7.590



FLUGELDAMARKAÐUR
BJÖRGUNARSVEITANNA
FLUGELDAR.IS

Með öllum kaupum fylgja frí öryggisgleraugu





Flugeldan



Gunnlaugur
Ormstunga
7.590



Njálsbrenna
4.300



Flugumýrar-
brenna
2.700



Viðinesbardagi
100 skota
14.200



Flóabardagi
150 skota
17.450



Kúlublys
320

Bengal-
blys
210



Atgeir
2.100



Króksfjarðar-
brenna
1.450



Kirkjubóls-
brenna
1.900

markaður



FLUGELDAMARKAÐIR
BJÖRGUNARSVEITANNA
FLUGELDAR.IS

Hrafnseyrar-
brenna
1.450



*Enn stærri
fjölskyldu-
pakkar!*

Trausti
8.250



Trölli
13.300



Önundar-
brenna
990

Tralli
3.400



Troðni
5.800



Bogi

1.650




Spjót

2.100



Flugeldamarkaður Björgunarsveitanna

Kalmannsvellir 2, (á móti Kaskó)

Við framvísun þessa
blaðs á sölustað okkar
að Kalmannsvöllum 2
fæst óvæntur
glaðningur við
 vörukaup



Hallgerður
langbrók

4.290




Guðríður Þor-
bjarnardóttir

3.200



Auður
djúpúga

3.200



Guðríður
Ósvífursdóttir

2.650



FLUGELDAMARKAÐUR
BJÖRGUNARSVEITANNA
FLUGELDAR.IS



Komið og kíkið á allt vöruúrvalið okkar og styrkið gott málefni

Fóttir

eru byrjuð í Kasko



- örugglega ódýrt!

Björgunarsveitarmaður

Hvað liggur að baki?

Það liður varla sá dagur að fréttir af björgunarsveitum í aðgerðum séu ekki fluttar í útvarpi, sjónvarpi eða á síðum dagblaða. Aðgerðirnar geta verið allt frá því að lítill hópur björgunarsveitarmanna sækir fjárhóp að vetri til og komi honum á hús og upp í að 300-400 björgunarsveitamenn séu sendir í leit inn á hálendi. Öllum mögulegum verkefnum er björgunarsveitum treyst fyrir og því er mikilvægt að viðtæk þekking og reynsla sé til staðar á hverjum stað.

Pegar ég stóð hálf utangátta inn á gólfi Hjálparsveitar Skáta Akranesi fyrir 11 árum, óraði mig ekki fyrir því hversu viðtæka þekkingu og reynslu ég ætti eftir að öðlast í gegnum starf mitt í björgunarsveit. Hana öðlaðist ég á næstu árum með þátttöku í starfi sveitarinnar, á námskeiðum, í ferðum og útköllum. Á námskeiðunum lærði ég allt sem viðkemur hinu almenna björgunarsveitastarfi og þeim fylgdu æfingar sem ýmist voru skipulagðar af leiðbeinendum eða okkur sem námskeiðin sátu. Um þetta leiti byrjuðu í sveitinni hópur af einstaklingum sem hafði virkilega gaman að því að ferðast um í fjalllendi. Ferðirnar sem við fórum voru margar mjög krefjandi og oftast vorum við að ferðast um svæði sem fáir eða jafnvel enginn í hópnum hafði farið um. Það voru ófá skiptin þar sem upp komu vandamál í ferðunum s.s. veðurastæður og alls kyns óhöpp. En alltaf var fundin einhver skynsöm leið til þess að leysa vandamálin sem komu upp og séð var til þess að haldið var áfram með bros á vör.

Góður björgunarsveitarmaður er úrræðagóður, vísýnn og yfirvegaður. Með þjálfun hans öðlast hann marga góða eiginleika en af mörgum mikilvægum eru þessir einna mikilvægastir.

Pegar nýr meðlimur gengur til liðs við björgunarsveitina býður hans nokkuð þétt dagskrá fyrstu tvö árin. Slysavarnarfélagið Landsbjörg rekur björgunarskóla sem sér öllum meðlimum fyrir námskeiðum á öllum sviðum. Fyrsti áfangi nýliðans er að klára þrep sem kallast Björgunarmaður 1 og tekur yfirleitt eitt ár að klára. Inn í björgunarmanni 1 er m.a. Fyrsta hjálp 1, sem er helgarnámskeið. Þar er farið í grundvallaratriði björgunarsveitarmannsins í fyrstu hjálp. Á námskeiðinu Ferðamennska sem er kennt á einni helgi er farið í rötun, veðurfræði og almenna fræðslu um ferðamennsku og útbúnað til fjalla. Fleiri námskeið eru í björgunarmanni 1 sem fjalla m.a. um björgunarmenn í aðgerðum, leitartækni o.fl. Inn milli námskeiðanna er svo alls kyns dagskrá, ferðir og vinna í tengslum við sveitarstarfið. Allt starfið er mjög skemmtilegt og gefandi. Á öðru ári nýliðans biða hans frekari námskeið s.s. Vetrarfjallamennska þar sem farið er í undirstöðuatriðin í klifri og spottafræðin krufin til mergjar, Fyrsta hjálp 2, mat á snjóflóðahættu o.fl.

Það er því mikil þekking sem síast inn fyrstu tvö árin sem enda á nýliðaprófi í lok apríl á seinna árinu. Í því prófi fær nýliðinn að spreyta sig á öllum þeim fræðum



sem tekin hafa verið fyrir. Að loknu prófinu útskrifast hann, telst fullgildur félagi í sveitinni og er settur á útkallsskrá sveitarinnar.

Hjá öllum eru þetta mikil tímamót, maður telst ekki lengur vera nýliði. Er orðinn hluti af útkallsteymi sveitarinnar, fær úthlutaðum skáp og hefur starf í flokkum. Flokkarnir eru nokkrir s.s. bílaflokkur sem ber ábyrgð á ökutækjum sveitarinnar, sjóflokkur sem sér um báta félagsins, sjúkraflokkur og undanfarar svo eitthvað sé nefnt. Flestir finna sér einhvern flokk eða flokka og sérhæfa sig í ákveðnum hlutum. Björgunarfélag Akraness er mjög auðugt af metnaðarfullu fólki sem leggur allt í sölnar ef þörf er á. Fólkið er mjög duglegt að stunda þá þjálfun og æfingar sem þörf er á og flestir verða sér út um frekari þekkingu á ákveðnum sviðum.

Það má eiginlega segja að það að starfa sem sjálfboðaliði í björgunarsveit nái langt út fyrir það að vera eingöngu áhugamál. Það er fyrst og fremst lífsstíll. Lífsstíll sem gefur manni svo ótrúlega margt gott og það er pottþétt að sú reynsla sem fylgir hjálpar manni daglega í hversdagslegu líferni.

*Gunnar Agnar Villhjálmsson,
Björgunarfélagi Akraness*

Útköll árið 2006

27. mars 2006. Leit að ungum manni. Björgunarsveitir Slysavarnarfélagsins Landsbjargar af Akranesi, höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum leituðu að ungum manni sem saknað var. Pilturinn fannst nálægt sumarbústað við Flúðir og var hann þá látinn.

5. apríl 2006. Sinueldar á Mýrum. Björgunarfélag Akraness sendi hópa til aðstoðar lögreglu og slökkviliði.

14. apríl 2006. Leit á Langjökli. Leitað var af tveimur mönnum á svæðinu á og við Langjökul á föstudaginn langa. Ford Excursion fór með fimm manna áhöfn og stjórnendahópur sveitarinnar fór í Borgarnes. Þeir tindu fundust eftir mikla leit komnir langt af leið en að eigin sögn, ekki villtir???

28. apríl 2006. Útkall grænn. Lögreglan á Akranesi bað um aðstoð fyrir garðyrkjustöð. Plast var að fjúka af gróðurhúsi. Brugðist var skjótt við og plastið fest niður.

29. apríl 2006. Langjökull. Leitað var að vélsleðamanni sem hafði orðið viðskila við félag sinn á jöklinum fyrr um daginn. Bill fór frá okkur með þriggja manna áhöfn. Svæðisstjórnarhópurinn fór í Borgarnes og einn vélsleði hélt til leitar. Maðurinn fannst eftir nokkra leit við góða heilsu.

14 júní 2006. Kafarar skera úr skrífu inn í Grundartangahöfn. Tveir kafarar fóru inneftir ásamt tveimur aðstoðarmönnum og leystu málið.

9. júlí 2006. Fólk í vandræðum á lítulum bát á Skorradalsvatni. Tvær konur með tvö börn voru í vandræðum á vatninu. Mótorinn drap á sér og rak þær fyrir yfir vatnið. Þær komust hjálparlaust í land.

21. júlí 2006. Bátur í vandræðum út við víta. Manninum var fylgt í land þar sem lögregla tók á móti honum. Ekkert amaði að.

2. ágúst 2006. Sundmaður í vandræðum. Sundmaður sem freistaði þess að synda frá Sementsbryggju út á Langasand lenti í vandræðum. Útkall rauður var sent á Björgunarfélagið. Trilla sem átti leið hjá kom manningnum til bjargar og kom honum að landi heilum á húfi.

3. ágúst 2006. Áhöfn á bensinlausum bát aðstoðuð. Bátur sem var í skemmtisiglingu varð bensinlaus í innsiglingunni inn til Akraneshafnar. Félagar í bátaflokk brugðust við og komu viðkomandi til hjálpar.

16. ágúst 2006. Banaslys inn í Hrafninnuskeri. Útkallsboð kom til björgunarfélagsmanna sem voru í hælendisgæslu um aðstoð vegna hruns í ishelli inn í Hrafninnuskeri. Félagar Björgunarfélagsins sem voru staddir inn í Landmannalaugum, brugðust skjótt við. Þegar að var komið var maðurinn látinn. Veitt var aðstoð við að ná manningnum út og ganga frá fyrir flutning.

24. september 2006. Leit að manni inn á Síldarmannagötum. Kl. 18:42 komu útkallsboð vegna leitarinnar. Tuttugu mínútum síðar var sjö manna hópur lagður af stað inn í Svinadal og sex manna hópur lagði af stað skömmu síðar. Þýrla Landhelgisgæslunnar náði leitarhóp Björgunarfélagsins inn í Grafardal þegar hann átti eftir 500 m. í þann týnda.

15. október 2006. Týnd rjúpnaskytta í Brötubrekku. Hátt í tuttugu manna hópur á 2 bílum lagði af stað til leitar. Maðurinn kom fram um kl 21:00 í ágætu ástandi og var verkefnið því afturkallað.

5. nóvember 2006. Óveðursútkall. Vegna slæmrar veðurspár var Björgunarfélagið sett í viðbragðsstöðu aðfarnótt laugardagsins 05. 11. Um það bil 30 verkefni voru leyst í þessum fyrsta óveðurshvelli vetrarins.

11. nóvember 2006. Annað óveðursútkallið á stuttum tíma. Voru félagar B.A. beðnir um að vera í viðbragðsstöðu um nóttina. Mættu átta félagar um morguninn og sinntu u.þ.b. 60 aðstoðarbeiðnum

27. nóvember 2006. Leit að kajakræðara á Hvalfirði. Tuttugu og sjö manna hópur tók þátt í leitinni á þremur bílum og tveimur bátum. Maðurinn fannst látinn við Hvammsvík.

30. nóvember 2006. Bill spilaður upp inn í Grafardal. Lögreglan á Akranesi óskaði eftir því að við aðstoðuðum ökumann við að ná bíl sínum upp á veg inn í Grafardal. Aðstæður voru mjög erfiðar, mikil sveill. Farið var á tveimur bílum.

10. desember 2006. Aðstoð í óveðri. Hvöss suðaustanátt gekk yfir með tilheyrandi foki á lausamunum. Um 40 aðstoðarbeiðnum var sinnt. Tíu félagar björgunarfélagsins stóðu vaktina á þremur bílum.



Ásgeir Kristinsson formaður Björgunarfélags Akraness og Einar Örn Thorlachiuss skrifa undir viljayfirlýsingu.

Viljayfirlýsing við Hvalfjarðarsveit

Við vígslu á viðbótartækjageymslu okkar var einnig undirrituð viljayfirlýsing við nýstofnað sveitarfélag hreppanna fjögurra sunnan Skarðsheiðar, Hvalfjarðarsveit. Það var nýráðin sveitarstjóri, Einar Örn Thorlachiuss sem undirritaði viljayfirlýsingu fyrir hönd sveitarfélagsins. Á nýju ári verður síðan sest yfir gerð samstarfs-samnings milli Björgunarfélagsins og Hvalfjarðarsveitar, í anda samnings þess sem endurnýjaður var við Akranesbæ á vordögum 2005. Þó svo að bækistöð Björgunarfélagsins sé á Akranesi, fer mikill hluti starfssemi þess fram í Hvalfjarðarsveit. Því er þessi yfirlýsing viðurkenning á okkar starfi innan sveitarfélagsins en skerpir jafnframt á með hvaða hætti Björgunarfélagið sinnir störfum í Hvalfjarðarsveit og hvernig sveitarfélagið styður við rekstur Björgunarfélagsins á móti.

Eftirtaldir aðilar styrkja útgáfu þessa blaðs

Verslunin Einar Ólafsson

Hvalur hf. Hvalfirði

Faxaflóahafnir

Skagamálun

Viðskiptaþjónusta Akraness ehf.

Smurstöð Akraness

Bílaverkstæði Hjalta

Bífreiðaverkstæðið Brautin hf.

Tölvuþjónusta Vesturlands

Norðanfiskur

Alifuglabúið Fögrubrekku ehf.



Ásgeir Kristinsson formaður Björgunarfélagsins og Svanborg Frostadóttir útibússtjóri KB banka á Akranesi undirrita samninginn.

Samningur við KB banka

Á aðalfundi Björgunarfélags Akraness 2006 var skrifað undir viljayfirlýsingu um stuðning bankans við Björgunarfélagið. Við vísun á viðbótarhúsnæði okkar var svo skrifað undir þriggja ára samstarfssamning Björgunarfélags Akraness og KB banka. Það er okkur mjög mikilvægt að jafn öflugt fyrirtæki og KB-banki sjái hag sínum vel borgið í samstarfi sem þessu. Kunnnum við Svanborgu Frostadóttur útibússtjóra bankans hér á Akranesi sérstakur þakkir fyrir framsýnina.

Toyota Tundra

Á árinu var seinni Landróverinn okkar endurnýjaður. Það tekur alltaf nokkurn tíma að ákveða hvernig bíl á að kaupa, sérstaklega þegar margir eru um ákvörðunina. Það lá fyrir að um minnprófsbíl yrði að ræða. Einnig var áhugi fyrir því að kaupa pickup. Nokkur áhugi var fyrir því að prófa þessa tegund af bíl. Við hönnun á breytingu var ákveðið að skipta út hásingum að aftan fyrir hásingum undan Ford Econoline og að framan var sett hásing undan Ford Excursion. Um breytingu á hásingum sá Jeppaþjónustan á Ljónsstöðum. Jeppaþjónustan Breytir sá um smíðina á bílnum og Radióraf sá um breytingu á rafkerfi og ísetningu á fjarskiptabúnaði.

Nokkur reynsla er komin á bílinn. Farnar hafa verið nokkrar ferðir á honum. Hann er aflmikill og léttur, skilar áhöfn sinni vel yfir torfærur. Einnig nýttist hann vel til flutnings á búnaði kafara svo og snúningum við ýmis fjáröflunarverkefni svo sem heimkeyrslu á jólatrjám.



PVC

Gluggar • Sólhýsi
Hurðir • Svalalokanir



*Frábær lausn í bæði gamalt og nýtt:
Einbýlið, fjölbýlið,
sumarhúsið eða
hvar þar sem fegurð
og gæði njóta sín.*

**Hvít
Gulleik
Maghagony**




Hafðu samband og við ráðleggjum þér

*Öskum viðskiptavænum okkar
gleðilega jóla og fálætan
viðskiptin á árinu sem er nú lita*



Ægisbraut 30 • 300 Akranes • Sími: 431 2028 • Fax: 431 3828
Netfang: glerhollin@aknet.is • Heimasíða: www.glerhollin.is

Einangrunargler - Öryggisglar - Speglar



*Við sendum landsmönnum öllum okkar bestu óskir
um gleðileg jól og velgengni á nýju ári.*

GLITNIR

ÁRAMÓTA- BRENNNA

Á gamlársmorgun mun Stafna á milli ehf. og Björgunarfélag Akraness bjóða íbúum Akraness og Hvalfjarðarsveitar upp á risabrennu á Krossi í landi Stafna á milli ehf.

Kveikt verður í brennunni klukkan 20:30



*Með jóla-
og nýárskveðju*



STAFNA **Á** MILLI ehf.
byggingaverktaki

Brenna ●



Við óskum viðskiptavinum okkar og Vestlendingum öllum farsældar og fíðar á komandi ári, fólkkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

BERNHARD BILVER
 Innisvegur 1 • Akranes • Sími 431 1985

FLOTTAR RAKETTUR Í ÖLLUM STÆRÐUM

Frá til orrustu!

Sverð, Exi, Atgeir, Lásbogi, Spjót, Bogi og Hnífur



FLUGELDAMARKAÐIR
BJÖRGUNARSVEITANNA



Flugeldamarkaðurinn
Kalmansvöllum 2



SLYSAVARNAFÉLAGID
LANDSBJÖRG

Vígsla á húsi

Það mætti halda að þetta væri orðin árlegur viðburður hjá okkur. Sú ákvörðun var tekin rétt eftir síðustu áramót að byggja viðbótar tækjageymslu. Við fengum gott tilboð í verkið frá þeim félögum og bræðrum, Ingólfi og Sigurði Hafsteinssonum. Um uppmokstur og fyllingu í grunn sá Vélaleiga Halldórs Sigurðssonar. Byggingarstjóri og trésmíðameistari hússins er Haukur Hannesson.

Hann og með dyggri aðstoð Indriða Þórissonar og Egils Gíslasonar sáu um smíðavinnu ásamt aðstoðarmönnum. Pípulagnirnar voru í höndum þeirra Pípó manna og Sigurður Axel Axelsson frá S.S. verktökum annaðist raflagnir og öryggiskerfi. Við þökkum þessum aðilum vel unnin störf og vonumst til þess að þetta hús gagnist okkur sem best í framtíðinni. Því er ætlað að hýsa tækin okkar ásamt því að nýtast sem viðgerðaaðstaða.

Föstudaginn áttunda desember vígðum við svo húsið. Góðir gestir sóttu okkur heim og við það tækifæri var skrifað undir samning við KB banka og viljayfirlýsingu við Hvalfjarðarsveit.

Enn og aftur er sjón sögu ríkari.



Óskum landsmönnum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári



HÚSASMÍÐJAN
Sími 431 5066 • www.husa.is



Landsbankinn



Akranesi - Sími 440 2360

HLJÓMSÝN

STILLHOLTI 23 – AKRANESI – SÍMI 430 2500



Fiskihornið
S: 431 2595



**BLIKKSMÍÐJA
GUÐMUNDAR J.
HALLGRÍMSSONAR ehf.**



Nærfatnaður með
lyktarlaus og kláðalaus þægindi



Síðerma bolur dömu/herra
5.490,-



Síðerma bolur m. kraga
5.990,-



Buxur
4.990,-



Nærbuxur
3.990,-



Sokkar í
miklu úrvali

Staðreyndir um Smartwool ullina...

Safnar ekki í sig ólykt
Má þvo við 40°C hita
100% náttúruleg efni
Algjörlega kláðalaust
Einungis notast við 100% Merino ull
www.smartwool.com



Bæjarhrauni 14, Hafnarfirði, Sími 550 4900, www.fjallakofinn.is

FJÓRAR GERÐIR - TROÐFULLIR AF FJÖRI

FJÖLSKYLDU PAKKAR



FLUGELDAMARKAÐIR
BJÖRGUNARSVEITANNA

Víðtækt starf Slysavarnarfélagins Landsbjargar miðar að því að bjarga verðmætum og koma í veg fyrir slys. Yfir eitt hundrað sveitir sjálfbóðaliða eru til taks allan sólarhringinn, alla daga ársins. Flugeldasalan er helsta tekjulind björgunarsveitanna og getur skipt sköpum ef á reynir.



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG